

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1239/2018 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

2. tölul. 3. mgr. 3. gr. orðast svo:

65% af öðru til fjórða skipti í glasafþrjóvgun (IVF) og smásjárfþrjóvgun (ICSI).

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. a-liður orðist svo: vegna eggheimtu og frystingu eggfruma, eða eftir atvikum fósturvísá, þegar um er að ræða konur með yfirvofandi ófrjósemisvandamál vegna fyrirsjáanlegrar lyfjameðferðar, geislameðferðar eða beinmergsflutnings,
- b. c-liður orðist svo: vegna ástungu á eista og frystingu sáðfruma, eða eftir atvikum fósturvísá, þegar um er að ræða karlmenn með yfirvofandi ófrjósemisvandamál vegna fyrirsjáanlegrar lyfjameðferðar, geislameðferðar eða beinmergsflutnings,
- c. Við bætist nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi:
 - e. vegna fyrsta skiptis í glasafþrjóvgun (IVF) og smásjárfþrjóvgun (ICSI), þegar um er að ræða ófrjósemisvandamál vegna lyfjameðferðar, geislameðferðar eða beinmergsflutnings.

3. gr.

4. mgr. 3. gr. orðast svo:

Innifalið í meðferð skv. 1., 2. og a- og e-lið 3. tölul. er kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, viðtöl við sérfræðinga og nauðsynleg lyf vegna meðferðarinnar, önnur en örvinunarlyf eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 19. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 28. maí 2019.
Svandís Svavarsdóttir

Svandís Svavarsdóttir.

Elsa B. Friðfinsdóttir.
Elsa B. Friðfinsdóttir.